

GÆÐALÍKAN FYRIR RAUNFÆRNIMAT Á NORÐURLÖNDUM

GÆÐALÍKAN FYRIR RAUNFÆRNIMAT Á NORÐURLÖNDUM

Bæklingur þessi er lokaskýrsla verkefnisins *Gæðalíkan fyrir raunfærnimat á Norðurlöndum, þróunarverkefni 2012–2013* (e. *Quality Model for Validation in the Nordic Countries – a development project 2012–2013*). Verkefnið var unnið í samstarfi fulltrúa Norðurlandanna fimm, Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur.

Verkefnið var fjármagnað með styrk frá Nordplus (verkefnisnúmer: AD-2012-1a-29038).

Verkefnið var unnið í tengslum við og til þess að fylgja eftir fyrra Nordplus-verkefni, *Quality in Validation in the Nordic Countries – a mapping project* (verkefnisnúmer: AD-2011-1a-25129). Staðfæring og þýðing bæklingisins yfir á íslensku var unnin af sérfræðingum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Afurðir beggja verkefna er að finna á vefnum, á síðum Þekkingarmiðstöðvar um raunfærnimat í Danmörku <http://www.viauc.dk/projekter/NVR/aktiviteter/Sider/>

Nordplusprojekt-landerapporter.aspx og á vef Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna (NVL, www.nordvux.net), á: http://www.nordvux.net/Portals/0/Gdrive/_dokumenter/2014/1_KvalitetsmodelValidering%20Juni13.pdf.

Stýrihópur verkefnisins: Norræni sérfræðingahópurinn um raunfærnimat, NVL – Norræna tengslanetið um nám fullorðinna <http://www.nordvux.net/validering>.

Texti: Hákon Grunnet og Anne Marie Dahler (verkefnastjórar).

Þýðing og staðfæring: Fjóra María Lárusdóttir, Haukur Harðarson og Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Grafískur hönnuður: Lene Schaarup

Uppsetning: Eyjólfur Jónsson

Prentun:

ISBN: 978-9935-9155-4-2



4 EFNISYFIRLIT

Raunfærnimat á Norðurlöndum	5
Gæðalíkan fyrir raunfærnimat á Norðurlöndunum	9
Að vinna að gæðum í raunfærnimati	10
8 gæðapættir	17
Samstarfsaðilar	37
Heimildir og krækjur	38
Minnisatriði	39

RAUNFÆRNIMAT Á NORÐURLÖNDUM

Á Norðurlöndum hefur á undanförunum 10 til 15 árum verið gripið til ýmissa aðgerða og lagasetninga til þess að tryggja einstaklingum tækifæri til þess fá óformlega og formlausa færni metna og viðurkennda. Skipulag og framkvæmd raunfærnimats er afar ólík í löndunum en alls staðar er mikil áhersla lögð á að tryggja gæði matsferlisins. Gæðastarf í raunfærnimati nýtur forgangs jafnt í norrænu samstarfi sem og evrópsku. Gæðastarf er lykilhugtak í þeim áskorunum sem blasa við í raunfærnimati á Norðurlöndunum, eins og kemur fram í bæklingi sem sérfræðingahópur Norræna tengslanetsins um nám fulloröðinna (NVL) um raunfærnimat gaf út, *Áskoranir í raunfærnimati á Norðurlöndum*.

Grunnforsenda er að áhrifamáttur og traust á raunfærnimati verði aðeins tryggt með gagnsæju matsferli og öflugum gæðastarfi. Þess vegna hafa samstarfsaðilarnir frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku unnið í rúm tvö ár með ólíka þætti gæðastarfs og gæða í raunfærnimati.

Vinnan á fyrra árinu (2011–2012) fólst í því að kanna hvernig unnið er kerfisbundið að því að efla gæði raunfærnimats á Norðurlöndum sem og umfang gæðastarfsins.

Til þess að tryggja einsleitni í lýsingum og skjalfestingu gæða, var þróaður rammi fyrir söfnun, flokkun og skjalfestingu á gæðastarfi í raunfærnimati. Þessum ramma er lýst í lokaskýrslu Nordplusverkefnisins Gæðastarf á Norðurlöndum, kortlagningarverkefni (e. Quality in the Nordic Countries – a mapping project). Þar er einnig að finna landskýrslur með lýsingum á vinnu samstarfsaðilanna fimm við skjalfestingu á gæðastarfi í raunfærnimati.

Markmið síðara verkefnisins sem unnið var að á tímabilinu 2012–2013 var að þróa hugmyndafræði eða líkan fyrir gæðastarf í raunfærnimati. Frá upphafi hefur verið ljóst að þrátt fyrir að margt sé líkt með Norðurlöndunum fimm, velferðarkerfi, hlutverk stofnana á vinnumarkaði, markmið fræðslu- og félagastarfsemi, hefðir og fleira – þá er einnig



umtalsverður munur á milli landanna. Þetta á einnig við um mat á raunfærni og samstarf vinnumarkaðar og fræðslu-aðila. Því hlýtur sú spurning að vakna hvort það þjóni einhverjum tilgangi að ræða hugmyndafræði eða líkan til þess að tryggja gæði í raunfærnimati, þvert á landamæri og tegund fræðslu, þvert á menntasvið og þrátt fyrir að ólíkum aðferðum sé beitt við raunfærnimat í löndunum fimm.

Svarið er jákvætt: Það er hægt – og það hefur verið gert með góðum árangri – að þróa sameiginlegt heildrænt líkan fyrir gæðastarf í raunfærnimati. Á fyrra ári verkefnisins varð ljóst að skipulag raunfærnimats í löndunum, aðgengi að því og hlutverk stofnana var um margt mjög ólíkt. En um leið var ljóst að margt er þar sameiginlegt, ekki smáatriðin, heldur frekar heildarmyndin. Greina má fjölda almennra þátta, sem lúta að tryggingu gæða í raunfærnimati, í raunfærnimatskerfum einstakra þjóða. Greining og skjalfesting fyrra ársins leiddi í ljós slíka þætti og lagði grunn að kenn-

ingunni um að skynsamlegt sé að skapa sameiginlegt líkan fyrir gæðastarf í raunfærnimati.

Vinnan við verkefnið byggir á hugmyndafræði Joy Van Kleef, kanadísks sérfræðings á sviði raunfærnimats, og skilningi hennar á því hvernig hægt er að skilja, lýsa og vinna með gæði í raunfærnimati. Með því að leggja skilning hennar og hugtök um gæði í raunfærnimati til grundvallar, er sjónum beint að gæðum sem nálgun við raunfærnimati. Á þann hátt er hægt að fjalla um og beina sjónum að gæðum og gæðastarfi í stað þess að fjalla um skilgreiningar og skilning á hugtakinu raunfærnimat.

Framvinda verkefnisins

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir framvindu verkefnisins. Tillaga um þróunarverkefni var rökrétt framhald og eftirfylgni af söfnun, flokkun og skjalfestingu dæma um hvernig unnið er með gæði í raunfærnimati á Norðurlöndum á fyrra árinu. Þess var vænst að kannað yrði hvort unnt væri



að þróa hugmyndafræði eða líkan fyrir gæðastarf í raunfærnimati. Þróunarvinnan fór fram í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn fólst í þróun hugmyndarinnar um gæði í raunfærnimati. Byggt var á dæmum sem safnað hafði verið á fyrra árinu, kenningum, þekkingu og reynslu frá sambærilegum verkefnum í hverju landi. Þá var jafnframt stuðst við leiðbeiningar Evrópusambandsins um raunfærnimat (e. EU Guidelines for validating non-formal and informal learning, 2009). Á grundvelli þessa var þróuð tillaga um sameiginlega norræna hugmyndafræði eða heildrænt líkan um gæði í raunfærnimati. Ekki var lagt upp með að þróa líkön fyrir hvert land, heldur stefnt að því að hver þjóð legði fram reynslu og bakgrunn til grundvallar sameiginlegri hugmyndafræði sem veitt gæti þeim sem koma að raunfærnimati innblástur við þróun gæða í raunfærnimati.

Síðara stigið fólst í prófun á gæðalíkaninu. Fulltrúar landanna sem þátt tóku í verkefninu settu prófunarferli með matsaðilum í framkvæmd. Það var gert með kynningum

og umræðum um gæðalíkanið í vinnustofum og á fundum þar sem markmiðið var að fá fram athugasemdir og tillögur um leiðréttingar og meiri nákvæmni. Reynsla og niðurstöður þessara ferla var tekin saman og unnið var úr þeim í því markmiði að bæta gæðalíkanið.

- Þátttakendur í verkefninu komu frá Íslandi, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku.
- Stýrihópur: Sérfræðingahópur NVL um raunfærnimat.
- Fundir samstarfsaðila voru haldnir í Reykjavík, Ósló og Stokkhólmi.

GÆÐALÍKAN FYRIR RAUNFÆRNIMAT Á NORÐURLÖNDUNUM

9



AÐ VINNA AÐ GÆÐUM Í RAUNFÆRNIMATI

Svið gæðalíkansins, um notkun þess, áherslur og markhópa

Hvernig er hægt að nota gæðalíkanið?

Líkanið er ætlað til að efla gæði og gæðahugsun við framkvæmd raunfærnimats. Það er verkfæri fyrir fagfólk og stjórnendur sem koma að framkvæmd og mati á árangri raunfærnimats.

Samstafsaðilar á Norðurlöndunum þróuðu líkanið. Gæðalíkanið er því ekki danskt, finnskt, íslenskt, sænskt eða norskt heldur sameiginlegt norrænt líkan sem nýtist alls staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða verkefnisins er að lykilkættirnir átta sem liggja til grundvallar gæðalíkaninu eru einnig þeir lykilkættir við framkvæmd raunfærnimats sem matsaðilar geta haft áhrif á. Það á ekki við um aðra mikilvæga þætti eins og lagasetningu, fjármögnun og opinberar tilskipanir sem framkvæmdaaðilum getur reynst erfitt að hafa bein áhrif á.

Gæðalíkanið er árangur af norrænu samstarfi og hefur verið prófað við ólíkar aðstæður

Meðlimir í stýrihópi um mótun gæðalíkansins koma frá Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. Líkanið hefur verið kynnt á málþingum og fundum með þeim sem koma að framkvæmd raunfærnimats og öðrum hagsmunaaðilum sem hafa komið að umræðunni um mögulega notkun, úrbætur eða viðbætur.

Prófun líkansins fór fram í öllum löndunum en á mismunandi fræðslustigum:

- Í Noregi var sjónum beint að langri háskólamenntun (HE), einkum með tilliti til inntöku í deildir.
- Á Íslandi var líkanið prófað á framhaldsskólastigi og á 3. og 4. þrepi hæfniramma NQF¹ í fullorðinsfræðslu.

¹ Evrópskur hæfniramma um menntakerfi (European Qualification Framework, EQF) liggur til grundvallar hæfnirömmum

- Í Svíþjóð var starfsmenntun í brennidepli, einkum tengd iðngeiranum.
- Í Finnlandi var sjónum beint að starfsmenntun (VET), á 4. þrepi hæfniramma finnsks menntakerfis og evrópska hæfnirammans fyrir menntun fullorðinna.
- Í Danmörku var áherslan lögð á þriðja geirann (sjálfboðaliðastarf) og stéttarfélög (3F).

Gæði – hvernig?

Gæðastarf í raunfærnimati tengist fjölmörgum þáttum eins og lagasetningu, stefnu, fjármögnun og samstarfi milli stofnana og hagsmunaaðila. Þá er mikilvægt að starfsfólk sem kemur að mati á raunfærni búi yfir færni og hæfni til þess að takast á við verkefnið á faglegan hátt og nota til þess áreiðanlegar og gildar aðferðir.

Brýnt er að framkvæmdin fylgi siðferðilegum gildum hvað varðar trúnað og meðhöndlun gagna og að unnið sé eftir greinilegum og gagnsæjum ferlum. Í gæðastarfi í raunfærnimati verður að lágmarki að taka tillit til eftirfarandi þriggja þátta:

Trygging á gæðum stofnana

- Með heildrænni nálgun fræðsluaðilaað starfsemi sem tengist raunfærnimati.
- Með sífelldu mati, endurgjöf og úrbótaaðagerðum á öllum stigum.

Trygging á gæðum mats

- Með greinilegum og skýrum viðmiðum.
- Með rökstuddu vali á aðferðum.
- Með verkferlum við mat og skjalfestingu.

12

Trygging á gæðum ferla

- Með afmörkun á ábyrgð og hlutverkum (hver gerir hvað, hvenær og fyrir hvern?).
- Með kynningum og upplýsingum (á heimasíðum, í bæklingum, tölvupóstum/bréfum og þess háttar).
- Með faglegum vinnubrögðum við meðferð skjala og skjalavistun.

Séu þessir þættir bornir saman við leiðbeiningar Evrópusambandsins um gæði í raunfærnimati (2009) kemur í ljós röð þátta sem tryggt geta gæði í raunfærnimati. Eftir vandlega íhugun voru valdir átta þættir eða svið sem horfa þarf til ef markmiðið er að koma á ákjósanlegu verklagi í gæðastarfi. Hverjum gæðaðætti tengist röð gæðaviðmiða sem taka þarf tillit til. Séu þessi viðmið höfð til hliðsjónar við framkvæmd matsins er unnt efla gæði þess.

Hverjir hafa not af gæðalíkaninu?

Gæðalíkanið er verkfæri fyrir stjórnendur og starfsfólk mennta- og fræðslustofnana og annarra aðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Það á einnig við um fyrirtæki sem nota raunfærnimat. Með öðrum orðum þá hentar líkanið til að efla gæði allra þátta raunfærnimats; skipulag, verkferla, ráðgjöf og matsferla.

Aðlögun að aðstæðum

Gæðalíkanið er almennt og heildstætt líkan fyrir eflingu og tryggingu gæða í raunfærnimati og hægt er að aðlaga það kringumstæðum í hverju landi. Að vinna að aðlögun gæðalíkansins telst hluti af gæðastarfi. Gæðalíkanið er hugsað sem sveigjanlegt verkfæri sem notendur geta aðlagað að aðstæðum í sínu umhverfi. Líkanið, eyðublöð, gæðaðættir og gæðaviðmið eru aðgengileg á síðu NVR, dönsku þekkingarmiðstöðvarinnar um raunfærnimat www.nvr.nu.

Að vinna með gæðalíkanið – hvernig?

Gæðalíkanið samanstendur af átta gæðapáttum með skilgreindum gæðaviðmiðum (sjá í næsta kafla hvernig skilgreind viðmið tengjast hverjum þætti). Vinnuferli gæðakerfa felast í kerfisbundinni og reglubundinni vinnu með hvern þátt. Gæðapættina og gæðaviðmiðin ætti að skoða reglubundið á gagnrýninn hátt með úrbætur í huga. Ráðlegt er að tengja eftir þörfum eitt eða fleiri gæðaviðmið við hvern gæðapátt, svo sem hvernig framkvæmd raunfærnimats þróast hjá hverjum aðila og hvaða hlutverki matið gegnir í starfseminni. Þannig eru gæði raunfærnimatsins efld af sama starfsfólki og sér um framkvæmd matsins. Um leið verður gæðastarfið hluti af faglegri, endurtekinni og kerfisbundinni yfirferð allra þeirra þátta sem tengjast raunfærnimati.

Tvennt er það sem er afgerandi fyrir skilning á gæðastarfi: Í fyrsta lagi er ekki um að ræða gátlista sem farið er yfir, merkt við og síðan lagður til hliðar. Gæðastarf verður að

vera í stöðugri umræðu, í hringrás og síendurteknu ferli þar sem tengsl, venjur og aðferðir við raunfærnimatið eru metnar og endurmetnar með spurningum eins og Beitum við rétttri að ferð? Gerum við það nógu vel?

Í öðru lagi geta gæðaviðmið ekki ráðist af því hver sér um framkvæmd hverju sinni. Horfa verður á gæðastarf í stærra samhengi, að vinna með gæðaviðmið sé eðlilegur þáttur þegar kemur að framkvæmd verkefna. Því þurfa stjórnendur að vera þátttakendur og stefnumótandi í gæðastarfi.

Enginn einn starfsmaður sem fæst við raunfærnimat getur séð alfarið um gæðastarfið. Taka verður hvern og einn þátt gæðalíkansins fyrir (sbr. þættina átta hér að neðan). Því næst er vinnueyðublaðið (bls. 13) notað til þess að stuðla að bættum gæðum í framkvæmd matsins. Vinnueyðublaðið getur einnig átt þátt í að skjalfesta gæðastarfið. Þegar farið hefur verið yfir alla þættina má bæta við ákvörðunum um

14

aðgerðir til úrbóta og spurningum um hvaða úrbætur eigi að gera, hvernig og hvenær.

Hér á eftir eru:

Dæmi um vinnueyðublað fyrir gæðastarfið (bls. 13), Átta gæðapættir, sem einnig eru sýndir á mynd af gæðalíkaniinu (bls 7).

Prískipt yfirferð yfir átta gæðapætti (bls. 15)

- Fyrst er stutt lýsing á hverjum þætti.
- Síðan eru listuð gæðaviðmiðin sem tengjast viðkomandi þætti.
- Að endingu er frásögn af reynslu sem hefur leitt til vinnu með gæðalíkanið í hverju landi. Þessi reynsludæmi má einnig líta á sem dæmi um hvernig hægt er að nýta gæðalíkanið.

Gæðabáttur	Hvernig er hægt að eflingu gæða í raunfærnimati í tengslum við þennan þátt?

8 GÆÐAÞÆTTIR

17

1. UPPLÝSINGAR
2. FORSENDUR
3. SKJALFESTING
4. VERKEFNASTJÓRNUN OG SAMSTARF
5. RÁÐGJÖF
6. FÆRNISKRÁNING
7. MAT
8. EFTIRFYLGNI



1.8 1. UPPLÝSINGAR



Upplýsingar gegna lykilhlutverki í þróun gæða í raunfærnimati. Tryggja verður aðkomu hagsmunaaðila að undirbúningi verkefnisins áður en upplýsingar eru veittar markhópi. Í upplýsingum til einstaklinga þarf meðal annars að koma fram: Hver, hvað, hvers vegna, hvernig, hvar og hvenær. Sérstaklega þarf að gæta að því að upplýsingarnar séu settar fram á auðskildu máli og að þær séu aðgengilegar þar sem þörf er fyrir þær.

UPPLÝSINGAR

– gæðaviðmið

- Nálgun við markhópin er hefst með miðlun upplýsinga um raunfærnimat í samráði við hagsmunaaðila.
- Upplýsingarnar eru auðskiljanlegar og lagaðar að þörfum markhópsins.
- Upplýsingar um raunfærnimat eru aðgengilegar á vefnum, en einnig lagaðar að þörfum markhópsins.
- Upplýsingarnar eru veittar í samræðum, þar sem tækifæri gefast til að varpa fram spurningum.
- Greinilega kemur fram hverjum raunfærnimatið hentar og hvernig það getur gagnast einstaklingnum.
- Útskýrt er hvað það er sem felst í raunfærnimati.
- Upplýsingarnar verða að fela í sér væntingar um þann tíma, vinnuframlag og ferli sem vænst er af einstaklingnum sem gengur í gegnum ferlið.
- Þátttakandi er upplýstur um hugsanlegan kostnað við raunfærnimatið, eða þætti tengda því.
- Augljóst er hjá hverjum þátttakandinn eða samstarfsaðillinn getur nálgast ítarlegri upplýsingar.
- Þeir sem sjá um að veita upplýsingar, á vef eða með öðrum hætti, þekkja til raunfærnimats og geta lagað upplýsingar að ólíkum markhópum.
- Upplýsingar um raunfærnimat eru aðgengilegar, þar sem þær hafa verið lagaðar að þörfum hagsmunaaðila, samstarfsaðila eða annarra sem að matinu koma.

UPPLÝSINGAR

– reynsla

- Oft er erfitt að útskýra fyrir fólki hvað felst í raunfærni-mati. Nota þarf auðskiljanlegar útskýringar og einföld líkön.
- Hvati felst í því fyrir einstaklinginn ef augljóst er hvaða gagn hún eða hann getur haft af matinu, til dæmis í tengslum við framgang í starfi, styttingu á námi eða hækkun launa.
- Beinið sjónum að hæfni og færni úr atvinnulífínu en ekki eingöngu að markmiðum menntunar og náms-skráa.
- Oft biður fólk ekki um upplýsingar vegna þess að það veit ekki um hvað á að spyrja. Það þýðir ekki að upp-lýsingarnar séu óþarfar.
- Æskilegt getur verið að kanna tungumálakunnáttu og skilning væntanlegra þátttakenda og samstarfsaðila.
- Það getur komið sér vel að gera markaðsáætlun.

2. FORSENDUR

21



Gæði í raunfærnimati snúast einnig um gæði í tengslum við þá ramma og forsendur sem gilda fyrir framkvæmd raunfærnimats. Með forsendum er til dæmis átt við lagasetningu og regluverk um raunfærnimat, pólitíska stefnu, hvort fjármögnun raunfærnimats er til staðar og hvernig henni er hagað, hvernig samstarfi við hagsmunaaðila er háttað og hvort raunfærnimat byggir á þekktum stöðlum eða viðmiðum. Ekki er endilega hægt að breyta forsendum sem hafa áhrif á framkvæmd raunfærnimats, en hægt er að velta fyrir sér hvaða áhrif forsendurnar hafa á gæði raunfærnimatsins.

FORSENDUR

– gæðaviðmið

- Lagalegur (eða sambærilegur) grundvöllur er fyrir því að framkvæma mat á raunfærni.
- Notuð eru hugtök og fagorð sem hlotið hafa almenna viðurkenningu og eru í samræmi við leiðbeiningar og viðmið.
- Fjármögnun raunfærnimats er tryggð.

– reynsla

- Hæfniviðmið þurfa að vera auðskiljanleg frá sjónarhóli atvinnulífsins.
- Gera verður greinarmun á fjármögnum færnisráningar og raunfærnimats.

- Matið grundvallast á skilgreindum hæfniviðmiðum.
- Viðmið tengjast hæfniramma um íslenskt menntakerfi (NQF).
- Hagsmunaaðilar í ferlinu eru þekktir og hvaða hlutverki þeir gegna.

3. SKJALFESTING

– stjórnun verklags



Gæði í raunfærnimati felast einnig í því hvernig staðið er að skráningu einstakra verkþátta í ferli raunfærnimatsins. Það á meðal annars við um skjalfestingu á samræðum, ráðgjöf, hlutverki hagsmunaaðila, niðurstöðu, tímaramma og á öðrum þeim atriðum sem eiga þátt í að styrkja vinnulag og samhæfingu ferlisins. Skjalfesting gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að tryggja réttindi þess sem fer í raunfærnimat.

SKJALFESTING

– stjórnun verklags

- Stjórnkerfi og ferli liggja fyrir.
- Einstök skref raunfærnimatsins eru skjalfest.
- Skjalfestingin er ótvíræð og skýr.
- Niðurstöður raunfærnimatsins eru jafngildar prófskírteinum.
- Stjórnkerfi og ferlar eru metin.

– reynsla

- Samstarf á milli matsaðila og stjórnenda er mikilvægt, og að ljóst sé hver beri ábyrgð á hverju.
- Skýr ferli, leiðbeiningar og verklag.
- Innra mat með þátttöku viðeigandi starfsmanna (stjórnendur meðtaldir) hjá fræðsluaðilum er mikilvægt til þess að tryggja úrbætur.
- Ytra mat á meðal þátttakenda þarf að eiga sér stað til að tryggja sveigjanleika og framfarir.

4. VERKEFNASTJÓRNUN OG SAMSTARF



Verkefnastjórnun og samstarf tryggja að matsaðilar, ráðgjafar og verkefnastjórar taki framförum, þrói og beiti viðurkenndum aðferðum við raunfærnimat og meti og taki ákvarðanir í faglegu umhverfi. Þannig er hátt færnistig tryggt um leið og gætt er að réttindum og virðingu þátttakenda. Samhæfing tryggir jafnframt að allir njóti jafnræðis og sangirni í samræmi við fyrirmæli og reglur.

VERKEFNASTJÓRNUN OG SAMSTARF

– gæðaviðmið

- Verkefnastjóri er til staðar.
- Leið einstaklinga að raunfærnimati er greið.
- Verkefnastjórnun og samstarf nýtur stuðnings og er skýr.
- Verkefnastjórnun nýtur stuðnings og hefur greinilega vísun til stjórnenda.
- Verkefnastjórnunin er gagnsæ.
- Tími og tækifæri gefast til teymisvinnu fagaðila (verkefnastjóra, náms- og starfsráðgjafa og matsaðila).
- Tími og tækifæri gefast til samstarfs matsaðila sem koma að raunfærnimatsferlinu.
- Hlutverkaskipting er greinileg og samhæfingin fer samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli.

– reynsla

- Verkefnastjórnunin er styrkt með teymisvinnu.
- Verkefnastjórnunin er styrkt með samstarfsneti.
- Samhæfingin styrkist af samstarfi við aðra fræðsluaðila/stofnanir.
- Verkefnastjórnunin er styrkt með stuðningi stjórnenda og hlutdeild þeirra í ferlinu.

5. RÁÐGJÖF



Ráðgjöf hefur afgerandi áhrif á árangur og ávinning þátttakandans/einstaklingsins. Jákvæðni og virk hlustun eru meðal mikilvægra þátta í þeirri endurgjöf sem ráðgjafinn þarf að veita þátttakanda í raunfærnimati. *Glasið er alltaf hálfullt.*

Markmið ráðgjafarinnar er að styðja einstaklinginn í gegnum allt ferli raunfærnimatsins og ráðgjöfin á að vera samþættur hluti ferlisins.

RÁÐGJÖF

– gæðaviðmið

- Ráðgjöf auðveldar einstaklingi að sýna fram á færni.
- Ráðgjafar hafa hlotið þjálfun í raunfærnimati.
- Ráðgjöf er samþætt hverju skrefi ferlisins við raunfærnimatið.
- Ráðgjafar hafa tækifæri til að þróa færni sína.
- Ráðgjafar beita virkri hlustun og færni og eru óhlutdrægir.
- Ráðgjöfin stendur vörð um réttindi þátttakenda, til dæmis þarf að veita upplýsingar um ferli kvartana.
- Ráðgjöfin byggir á viðurkenndum aðferðum ráðgjafar.
- Ráðgjöfin er raunhæf, til dæmis byggir hún á þörfum þátttakandans við mat á raunfærni hans.
- Í ráðgjöfinni er upplýst um mögulegan árangur og tækifæri að loknu raunfærnimati.

– reynsla

- Brýnt er að ræða hvernig unnt er að tvinna saman á öllum stigum, ráðgjöfina og ferli raunfærnimatsins.
- Mikilvægt er að ræða það hvernig ráðgjöf og raunfærnimat tengjast.
- Mikilvægt er að ræða aðferðir ráðgjafa í teymi ráðgjafa, matsaðila og verkefnastjóra.

6. FÆRNISKRÁNING

– að varpa ljósi á færni einstaklingsins



Færnisráning þátttakenda er eins konar framköllunarferli. Aðferðirnar sem beitt er og ráðgjöfin sem tengist þeim, miða að því að þátttakandinn nái að draga fram nákvæma og ítarlega lýsingu á eigin færni og leggja mat á hana.

FÆRNISKRÁNING

– gæðaviðmið

- Einstaklingurinn er virkur í ferlinu.
- Einstaklingurinn tekur þátt í ákvörðun um hvað telst til færniskráningar.
- Viðmið við færniskráningu eru skýr.
- Ferli færniskráningar er markvisst.
- Úrvali aðferða er beitt við færniskráningu.
- Skráningarferlið byggir á rökræðum.

– reynsla

- Skráning leiðir til stuðnings og nákvæmrar/markvissrar ráðgjafar.
- Ólíkar aðferðir við skráningu færni kalla fram ólík sjónarhorn þekkingar og færni.
- Aðferðir skráningar endurspeгла færni þátttakandans.
- Skráningin getur átt sér stað í hópum.
- Nálgun að því hvað teljist fullgild færniskráning er opin og fordómalaus.
- Boðið er upp á ráðgjöf og stuðning við skráningu færninnar.
- Fjöldi ólíkra aðferða við skráningu geta reynt á og tekið tíma.
- Erfitt getur reynst fyrir einstaklinginn að bera ábyrgð á ferli sem er honum framandi.

7. MAT



Ferlið felst í að meta raunfærni einstaklingsins, það er þá færni sem hann hefur aflað sér í gegnum óformlegt og formlaust nám. Niðurstaðan hefur lögfesta stöðu og hefur áhrif á áframhaldandi menntun einstaklingsins og/eða starfsþróun. Matið er niðurstaða vinnunnar við önnur gæðaviðmið í ferli raunfærnimatsins. Gæði matsins byggjast á áreiðanleika og óhlutdrægni auk mikillar færni fagaðila í ferlinu.

32

MAT – gæðaviðmið

- Úrval aðferða er fyrir hendi.
 - Samþætting að minnsta kosti þriggja ólíkra aðferða.
 - Úrval aðferða fer eftir þörfum einstaklingsins og forsendum hans fyrir matinu.
 - Skýr og auðskiljanleg hæfniviðmið liggja til grundvallar matinu.
 - Áreiðanleiki matsins er í brennidepli.
- Ferlið er sanngjarnt.
 - Matið einkennist af gagnsæi og einlægni.
 - Raunfærnimatsferlinu má líkja við námsferli fyrir einstaklinginn.
 - Hugað er að sí- og endurmenntun fyrir fagaðila.
 - Ákveðin umgjörð er sett um framkvæmd matsins.

MAT

– reynsla

- Matið byggir oftast á nokkrum fjölda aðferða.
- Viðmið fyrir matið ber að útskýra og málnotkun verður að vera í samræmi við þarfir einstaklingsins sem fer í gegnum matið.
- Eftir því hve miklu formlegu námi sem einstaklingurinn, hefur lokið því fleiri skriflegar skjalfestingar.
- Matsaðilar eru ekki alltaf nægilega vel að sér um raunfærnimat.
- Eftirspurn er eftir menntun og færniþróun fyrir matsaðila.



8. EFTIRFYLGNI



Eftirfylgni beinist að hverjum og einum einstaklingi sem fer í gegnum matið og að þróun og úrbótum á öllu ferli raunfærnimatsins.

Einstaklingurinn hefur rétt til þess að gera athugasemdir og fá frekari ráðgjöf eftir matið. Fræðsluaðila/stofnuninni og matsaðilum ber skylda til þess að framkvæma símat á ferlinu og koma úrbótum í framkvæmd, sem hluta af gæðastarfi við raunfærnimatið.

EFTIRFYLGNI

– gæðaviðmið

- Niðurstaða (aðgangur eða stytting) er afhent einstaklingnum og er eign hans.
- Ferli kvartana liggur fyrir.
- Kvartanaferli er virkt.
- Mat á raunfærni leiðir til þess að þátttakendur fá aðgang að námi, fá vinnu eða uppfylla önnur ytri skilyrði.
- Áætlun um eftirfylgni liggur fyrir.
- Mat á ferli raunfærnimatsins fer fram eftir viðurkenndum leiðbeiningum (t.d. European Guidelines).
- Ytra mat.
- Innra mat.
- Samráð um raunfærnimatsferlið er til staðar (t.d. samstarfsnet).

35

36

EFTIRFYLGNI

– reynsla

- Mikilvægt er að eftirfylgni felist í náms- og starfsráðgjöf og kynningu á tækifærum til menntunar.
- Gott er að gera áætlun um eftirfylgni, þar með talda upplýsingar um styrki, möguleika til náms og/eða starfspróunar.
- Beita skal fjölbreyttum samskiptaaðferðum eftir þörfum einstaklinganna (tölvupósti, SMS skilaboðum, Netinu, Facebook).
- Mat er innbyggður þáttur í öllum ferlum stofnunarinnar en ekki hannað eingöngu fyrir raunfærnimatið.
- Kerfisbundið mat og gæðastarf í raunfærnimati njóta yfirleitt ekki almenns forgangs.
- Ytri samstarfsaðilar (net) og innri teymi eru hvetjandi og efla gæði. Þau eru ekki alltaf til staðar, ýmist vegna skorts á fjármagni eða mannafla eða af öðrum orsökum.

SAMSTARFSADILAR

37

- Ísland: Haukur Harðarson, sérfræðingur í raunfærni-
mati við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík.
(Education and Training Service Centre) E-mail:
haukur@frae.is – Web: www.frae.is
- Finnland: Anni Karttunen, sérfræðingur í evrópskri
menntastefnu, Savon Koulutuskuntayhtymä, Kuopio
(Savo Consortium for Education) E-mail: anni.kartt-
unen@sakky.fi – Web: www.sakky.fi
- Noregur: Camilla Alfsen, aðalráðgjafi hjá VOX, Ósló
Landsskrifstofu færnipróunar í Noregi. E-mail: Camilla.
Alfsen@vox.no – Web: www.vox.no
- Svíþjóð: Pär Sellberg, Fagháskólastofnuninni í
Västerås. E-mail: Par.Sellberg@yhmyndigheten.se
Web: www.myh.se
- Danmörk: Anne Marie Dahler lektor og Håkon
Grunnet, ráðgjafi við miðstöð raunfærnimats í Árósum.
E-mail: Anmd@ucl.dk, hagr@viauc.dk –
Web: www.nvr.nu

Ítarefni

Grunnet, Håkon: Kvalitet i anerkendelse af realkompetencer, í: "Anerkendelse af realkompetencer – en grundbog" red. K. Aagaard og A. M. Dahler (ViaSysteme, Aarhus, København 2010).

Van Kleef, J.: Kvalitet i vurdering og anerkendelse af realkompetencer, í: "Anerkendelse af realkompetencer – en antologi" ritstjórar K. Aagaard og A. M. Dahler (ViaSysteme, Aarhus, København 2011). Par er yfirlit og listi heimilda.

Van Kleef, J.: PLAR: Finding Quality in the Dynamics of Social Practice. PLAIO, Prior Learning Assessment Inside Out, Volume 1, Number 2, 2012.

Krækjur

Kvalitet i Validering i Norden – et dokumentationsprojekt. Afsluttende rapport (dansk og engelsk udgave) og øvrige materialer fra projektets første år. www.viauc.dk/projekter/NVR/aktiviteter/Sider/Nordplusprojekt-landerapporter.aspx

CEDEFOP. (2009). European Guidelines for validating non-formal and informal learning. www.cedefop.europa.eu/EN/about-cedefop/projects/validation-of-non-formal-and-informal-learning/european-guidelines.aspx

CEDEFOP. (2012). Council Recommendation on the validation of non-formal and informal learning www.cedefop.europa.eu/EN/news/20366.aspx

Van Kleef, J. (2010). Quality in Prior Learning, Assessment and Recognition. A Background Paper. www.viauc.dk/projekter/NVR/Documents/Kvalitetskodeks/joy%20van%20kleef%20quality%20paper.pdf

MYH – Myndigheten för Yrkehögskolen (2012). Kriterier och riktlinjer för validering av reell kompetens (YH 2012/428) (Søg på: www.valideringsinfo.se)

Heimildir – framhald

Markmið þessa verkefnis er ekki að veita greinargóðar upplýsingar um heimildir sem tengjast gæðum og raunfærni. Þess í stað hvetjum við alla sem notfæra sér gæðalíkanið til þess að skapa eigið yfirlit yfir þær heimildir sem notast er við í tengslum við vinnu við raunfærni.

